

Ákvörðun nr. 41/2025
Fimmtudagur, 18. desember 2025

Samruni Styrkás hf. (Skeljungur, Klettur og Stólpi) og TF II A ehf. (Hreinsitækni, o.fl.)

I. Málsmæðferð

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Styrkás hf. (hér eftir Styrkás) og TF II A ehf. (hér eftir TF II A eða Hreinsitækni). Í samrunanum felst að Styrkás kaupir allt hlutafé félagsins.
2. Samkeppniseftirlitið átti fund 14. nóvember 2025 með samrunaaðilum þar sem eftirlitið var upplýst um viðskiptin. Sama dag barst styttri samrunatilkynning, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmæðferð í samrunamálum. Var það mat samrunaaðila að heimilt væri að tilkynna samrunann með styttri tilkynningu þar sem um samsteypusamruna væri að ræða.
3. Með tölvupósti, dags. 25. nóvember 2025, var samrunaaðilum tilkynnt um að samrunatilkynning þeirra teldist fullnægjandi í skilningi ákvæðis 17. gr. a samkeppnislaga. Frestir til að rannsaka samrunann samkvæmt 17. gr. d samkeppnislaga, sbr. 1. mgr. 12. gr. reglna nr. 1390/2020, byrjuðu því að líða þann 17. nóvember 2025. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og fyrirliggjandi gagna, auk þess sem eftirlitið leitaði sjónarmiða hjá hagsmunaaðilum.

II. Samruninn

4. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Í kaupum Styrkás á öllu hlutafé í TF II A felst tilkynningarskyldur samruni í skilningi ákvæða samkeppnislaga enda veltumörkum náð.
5. Í samrunaskrá segir að Styrkás sé þjónustufyrirtæki við atvinnulífið. Dótturfélög Styrkás starfi á sviði orku og efnavöru undir vörumerki Skeljungs, tækja og búnaðar undir vörumerki Kletts og eignaumsýslu undir vörumerki Stólpa. Styrkás sé eignarhaldsfélag og fari rekstur fram í einstaka dótturfélögum.
6. Stærstu eigendur Styrkáss eru SKEL fjárfestingafélag hf. með 45,7% hlut og SÁ Horn slhf. með 39,7%. Félagið Máttarstólpi ehf á 8,7% hlut en aðrir hluthafar minna.
7. Þá segir að TF II A sé eignarhaldsfélag sem starfi fyrst og fremst á sviði fjárfestinga og eignarhalds á félögum sem sinni innviða- og umhverfisþjónustu. Félagið hafi verið stofnað með það að markmiði að halda utan um eignarhluti í félögum sem starfi á sviði hreinsunar, fráveitu,



spilliefnameðhöndlunar og tengdrar þjónustu. Félagið hafi vaxið jafnt og þétt með kaupum á félögum á sviði hreinsunar, þjónustu við iðnað og innviði, og með stofnun og eignarhaldi á dótturfélögum félagsins.

8. Starfsemi samstæðu TF II A felist í fjölbreyttri þjónustu fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og opinbera aðila. Dótturfélög félagsins Útbúnaður ehf.,¹ HRT ehf. og Hreinsitækni ehf. sinni meðal annars hreinsun og viðhaldi fráveitukerfa, stíflulosun, hreinsun rotþróa, sópun gatna og göngustíga, snjómokstri og hálkuvörnum. Einnig annist dótturfélögin söfnun, flutning og förgun úrgangsolíu og spilliefna, auk þess að þjónusta stóriðju og orkusækinn iðnað með sérhæfðum lausnum, svo sem iðnaðarþrifum, efnisflutningum og þjónustu við hafnir. Dótturfélögin reki og þjónusti skólphreinsistöðvar víða um land og taki þátt í útboðum hjá Vegagerðinni, sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum. Félagið leggi áherslu á öflugan tækjakost, sérþekkingu starfsfólks og stöðuga innviðauppyggingu.
9. Eigendur TF II A eru TF II slhf. framtakssjóður í stýringu Landsbréfa með 88,34% hlut og JTG ehf., einkahlutafélag í eigu Jóns Þórs Gunnarssonar og RG58, einkahlutafélag í eigu Rögnvaldar Guðmundssonar.
10. Í samrunaskrá segir að það sé stefna Styrkás að verða leiðandi þjónustufyrirtæki á fyrirtækjamarkaði með styrk til að þjónusta innviða- og atvinnuvegafjárfestingu á Íslandi. Markmið Styrkáss sé að byggja ofan á sterkar stoðir á fimm kjarnasviðum; orku og efnavöru, tækjum og búnaði, eignaumsýslu og leigustarfsemi, umhverfisþjónustu og iðnaði. Bæði með innri vexti á núverandi kjarnasviðum og með uppbyggingu nýrra kjarnasviða. Félagið verði áfram rekið sem sjálfstætt félag í kjölfar kaupanna undir óbreyttri forystu Björgvins Jóns Bjarnasonar forstjóra félagsins. Þá skapi viðskiptin tækifæri til að styrkja þjónustuframboð Styrkáss samstæðunnar auk uppbyggingar nýrra tekjustoða í innviðaðþjónustu.

III. Markaðir málsins

11. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt ákvæði 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
12. Í samrunaskrá kemur fram að Styrkás starfi fyrst og fremst á markaði fyrir fjárfestingastarfsemi. Dótturfélagið Skeljungur starfi á markaði fyrir innflutning og sölu á smurolíu; markaði fyrir dreifingu, innkaup og heildsölu á eldsneyti, hreinsi- og efnavörum, áburði sem og öðrum vörum og þjónustubáttum til fyrirtækja og bænda. Þjónusta og sala til stórnotenda, útgerða, í flug og verktöku sé einnig hluti af starfsemi Skeljungs.
13. Starfsemi dótturfélagsins Kletts felist í sölu og þjónustu við vinnuvélar, aflvélar, rafstöðvar, lyftara, rafgeyma, hleðslukrana, hjólbarða, vöruflutninga- og hópferðabíla, gíra og skrufubúnaðar o.s.frv. Klettur reki fimm þjónustuverkstæði í Reykjavík og eitt á Akureyri, auk þess sem félagið starfræki hjólbarðaverkstæði. Með hliðsjón af framangreindu telji

¹ Samkvæmt upplýsingum samrunaaðila er engin starfsemi í félaginu Útbúnaður ehf.



samrunaaðilar að Klettur starfi á mörkuðum fyrir (i) innflutning og sölu vinnuvéla; (ii) innflutning og sölu atvinnubifreiða; (iii) sölu hjólbarða; (iv) rekstur hjólbarðaverkstæða; og (v) verkstæði fyrir bifreiðar, vinnuvélar og atvinnutæki.²

14. Starfsemi Stólpa samstæðunnar felist aðallega í sölu og útleigu gáma (flutningsgáma, húseiningargáma og gámahúsa), vélsmiðjuþjónustu, byggingariðnaði, útleigu húsnæðis, þjónustu á kæli- og frystibúnaði og tjónaþjónustu fyrir tryggingafélög. Þannig starfi samstæðan á markaði fyrir (i) sölu og útleigu á flutninga-, geymslu- og frystigámum, (ii) sölu og útleigu á húseiningargámum/gámahúsum, (iii) vélsmiðjuíðnað, (iv) byggingariðnað, (v) útleigu á eininga- og gámahúsum, og (vi) þjónustu á kæli- og frystibúnaði.
15. Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi dótturfélaga TF II A hafi áður verið rannsökuð af Samkeppniseftirlitinu, en með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2022, *Kaup Hreinsitækni ehf. á Snóki þjónustu ehf.* Að mati samrunaaðila muni endanlegar markaðsskilgreiningar ekki hafa veigamikil áhrif við mat á samkeppnislegum áhrifum fyrirhugaðs samruna í máli þessu. Samrunaaðilar starfi að öllu leyti á ótengdum mörkuðum en þjónustuframboð dótturfélaganna er bæði viðtækt og fjölbreytt. Samstæða TF II A starfi á sviði hreinsunar, umhverfisþjónustu og tækjalausna.
16. Þjónustuframboð Hreinsitækni sé: fóðrun lagna; hreinsun lagna; hreinsun rotþróa; myndun og ástandsskoðun lagna; rekstur skólphreinsistöðva; losun úrgangsolíu; snjómokstur og hálkuvarnir; sópun gatna og göngustíga; rekstur ruslasugu; veggjakrots- og tyggjöhreinsun; þríf vegna olíuslysa; og stíflulosun í niðurföllum. Að mati samrunaaðila sé mögulegt að skilgreina þá markaði sem Hreinsitækni starfi á ýmist með viðtækum eða þröngum hætti. Þannig starfi Hreinsitækni á heildarmarkaði fyrir umhverfisþjónustu en það væri mögulegt að skilgreina markaðinn í þröngri undirmarkaði eftir mismunandi þjónustubáttum. Með hliðsjón af starfsemi Hreinsitækni telji samrunaaðilar mögulegt að skilgreina eftirfarandi markaði sem sjálfstæða markaði:
 - Markaður fyrir þjónustu á fráveitukerfum.
 - Markaður fyrir hreinsun gatna og gönguleiða.
 - Markaður fyrir viðgerð og fóðrun lagna.
 - Markaður fyrir flutning á úrgangsolíu.
17. HRT þjónusta veiti sérgreinda þjónustu til mjög fárar viðskiptavina, n.t.t. stóriðja. Þjónustuframboð HRT þjónustu sé m.a. uppskipun hráefna, flutningur hráefni innan svæða, innmötun hráefna, vinnsla afurða, flutningur afurða innan svæða, útskipun afurða og iðnaðarþríf. Félagið hafi bæði gert rammasamninga við viðkomandi fyrirtæki þar sem tiltekin verkefni séu skilgreind og gert sjálfstæða samninga utan um tilgreind verkefni. Þegar ný verkefni bætist við sem ekki séu undir viðkomandi rammasamningi, hafa aðilar gert með sér viðaukasamninga utan um slík verkefni. Með hliðsjón af starfsemi HRT þjónustu og eðli þjónustunnar telji samrunaaðilar að félagið starfi á markaði fyrir rekstrarþjónustu innan athafnasvæða hjá stóriðjum.
18. Að mati kaupanda sé landfræðilegur markaður á þeim mörkuðum sem aðilar starfi á bundinn við Ísland. Á markaði fyrir umhverfisþjónustu kæmi þó mögulega til greina að skilgreina

² Nánar var fjallað um starfsemi Kletts í ákvörðun nr. 6/2023, *Samruni Skel fjárfestingafélags ehf., Skeljungs ehf., Kletts sölu og þjónustu ehf.*



landfræðilega markaði með þrengri hætti, þ.e. svæðisbundið miðað við landshluta eða tiltekin svæði. Samrunaaðilar telji aftur á móti ekki nauðsynlegt að slá því föstu í þessu samrunamáli hvort skilgreina eigi markaðinn þrengra þar sem starfsemi samrunaaðila skarist að engu leyti.

19. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til þess að skilgreina markaði málsins með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið, þótt ekki þurfi að taka endanlega afstöðu til markaðsskilgreininga í þessu máli, hvorki er varðar vörumarkað málsins né landfræðilega markaði í ljósi niðurstöðu þess og takmarkaðra áhrifa. Þess ber þó að geta að tilteknir markaðir þar sem samrunaaðilar starfa kunna að teljast landshluta- eða staðbundnir.

IV. Niðurstaða

20. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.
21. Við athugun málsins veitti Samkeppniseftirlitið helstu hagsmunaaðilum færi á að koma að athugasemdum vegna samrunans. Engar neikvæðar athugasemdir bárust.
22. Um er að ræða samruna þar sem samrunaaðilar starfa á ólíkum mörkuðum og er því um að ræða svokallaðan samsteypusamruna. Þrátt fyrir að hvorki er um að ræða samruna fyrirtækja sem starfa á sama sölustigi (láréttur samruni) eða samruna fyrirtækja sem starfa á ólíkum sölustigum (lóðréttur samruni) varðar samruninn markaði sem geta talist tengdir. Ljóst er að staða sameinaðs fyrirtækis mun verða nokkuð sterk á ýmsum sviðum. Í ljósi þess óskaði Samkeppniseftirlitið eftir umfjöllun og upplýsingum um viðskipti Hreinsitækni við Styrkás og tengd félög.
23. Kom fram að viðskipti á milli félaganna hafi verið atviksbundin og takmörkuð og að það sé mat samrunaaðila að hvorki sé líklegt að samruninn hafi í för með sér neikvæð útilokunaráhrif né að hann skapi aðstæður sem séu til þess fallnar að auka möguleika á samkeppnishamlandi samhæfingu, enda hafi samrunaaðilar ekki tök á að beita útilokun á þeim mörkuðum sem þeir starfi í formi samtvinnunar eða vöndlunar.
24. Miðað við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar eru ekki komnar fram vísbendingar um að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist með samrunanum. Þá eru ekki heldur vísbendingar um að samruninn komi til með að raska samkeppni með umtalsverðum hætti að öðru leyti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa rannsóknar.



V. Ákvörðunarorð

**„Kaup Styrkás hf. á öllu hlutafé TF II A ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga.
Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson